

Nd.

149. Frumvarp til laga

[103. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, og einum verkfræðingi, samkv. tillögu Verkfræðingafélags Íslands. Þrjú varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjú náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins. Formann og varaformann skipar menntamálaráðherra án tilnefningar, og skal annar hvor þeirra vera embættisgengur lögfræðingur.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögnum er svo fyrir mælt, að bæði formaður ráðsins og varaformaður þess skuli vera embættisgengir lögfræðingar. Nú stendur svo á, að formaður ráðsins hefur sagt af sér starfi vegna brottflutnings frá Reykjavík, og liggur fyrir að skipa formann í hans stað. En með því að eigi verður talið, að neinar sérstakar ástæður geri nauðsynlegt, að bæði formaður ráðsins og varaformaður séu embættisgengir lögfræðingar, þykir rétt að breyta lögnum í þessu efni nú, fyrst skipa þarf í formannsstöðuna hvort sem er.